

Mardís ehf.
Laugavegi 176
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. janúar 2021
UST202101-367/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku - Seltangar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Mardís ehf., dagsett 26. janúar 2021, um leyfi til aksturs utan vega við Seltanga á Reykjanesi.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að keyra sexhjól frá enda slóðans að tókustað í fjörunni sem merktur er inn á kort sem fylgir umsókn. Tilgangurinn með akstrinum er að ferja ljós og kvikmyndabúnað að tókustað. Starfsmenn munu ganga. Um er að ræða 40-100 metra leið. Akstur og tókur fara fram 29. janúar 2021. Á vegum kvikmyndatökuliðsins verður frágangsteymi sem mun afmá för eftir aksturinn að tókum loknum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á svæðið sé skilyrðum leyfis fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Mardís ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega í fjörunni við Seltanga á Reykjanesi sbr. lýsingu hér að ofan þann 29. janúar 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Einungis skal aka frá slóða og að tókustað. Afmá skal öll hjólför utan vega að akstri loknum.
- Óheimilt er að aka yfir gróið svæði.

- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki akstursins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í næsta nágrenni við tökustað eru skráðar menningarminjar og þarf að sýna varúð í nágrenni þeirra.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
sviðstjóri

René Biasone
sérfræðingur